

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 19/2013.

Reykjavík, 11.10.2013

2013090328

Efni: Upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda (fiskolía (lýsi) og sojalesitín) ekki sýnilegar á umbúðum Nestlé Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólkur.

Vegna mistaka var límmiði með íslenskum notkunarleiðbeiningum límdur yfir innihaldslýsingar Nestlé Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólkur. Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólk inniheldur ofnæmis- og óþolsvalda (fiskolíu (lýsi), sojalesitín og mjólkurafurðir). Samkvæmt matvælaöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merkir í merkingum matvæla og innihaldslýsingar má ekki hylja.

Samkvæmt upplýsingum frá innflytjanda matvæla, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., hafa merkingar Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólkur nú verið leiðréttar í verslunum og eiga vanmerktar vörur ekki að vera lengur í sölu. Þeir neytendur sem kunna að eiga Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólk þar sem límt er yfir innihaldslýsingar eru hér með upplýstir um að vörurnar innihalda ofangreinda ofnæmis- og óþolsvalda.

Vanmerktri Nestlé Nan 1 og Nan 2 ungbarnamjólk var dreift til verslana um land allt.

